

Reglur Styrktar- og sjúkrasjóðs

1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis. Sjóðurinn er í eigu Sameykis stéttarfélags í almannapjónustu. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er:

- Að veita sjóðsfélögum fjárhagsaðstoð í veikinda- og slysatilvikum.
- Að styðja og efla sjóðsfélaga vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma.
- Að styðja og efla sjóðsfélaga í forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði starfsmanna.

Ofangreindum markmiðum skal sjóðsstjórn ná eftir getu sjóðsins á hverjum tíma. Styrkhæfir eru þeir sem eru fullgildir félagar í Sameyki og greitt hafa tilskilin gjöld til félagsins í a.m.k. 3 mánuði áður en styrkveiting fer fram.

3. gr. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins.
- Vaxtatekjur.
- Framlag úr félagssjóði ákveðið á aðalfundi.
- Gjafir og áheit.

4. gr. Greiðslur úr sjóðnum

Félagsmenn sem sækja til sjóðsins skulu senda stjórn sjóðsins umsókn. Greiðsla úr sjóðnum getur ekki átt sér stað nema að reglum um úthlutun sé fullnægt.

5. gr. Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn ásamt einum fulltrúa tilnefndum úr stjórn Sameykis. Formaður skal kjörinn af sjóðsstjórn. Stjórn sjóðsins skal halda gerðarbók yfir úthlutanir, svo og annað sem varðar starf hennar. Stjórn sjóðsins setur úthlutunarreglur í samræmi við tilgang sjóðsins og ákveður upphæð styrkja. Stjórnin skal leggja úthlutunarreglurnar fyrir stjórn félagsins til samþykktar. Stjórnarmönnum er ekki heimilt að sitja samfellt í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil (9 ár).

6. gr. Rekstur sjóðsins og ávöxtun

Skrifstofa Sameykis sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt.

7. gr. Ársreikningur og endurskoðun

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum Sameykis og hann endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar Sameykis.

8. gr. Breytingar á reglum sjóðsins

Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi Sameykis og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

Samþykktar á aðalfundi Sameykis 2020.